

90. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, haldinn í lðu 15. desember 2010 kl. 16.30.

Mætt: Gylfi Þorkelsson, formaður, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Guðfinna Ólafsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsemin Fræðslunetsins 2010 – yfirlit í tölum

Framkvæmdastjóri dreifði blöðum með upplýsingum um þátttöku í námskeiðum og fjölda námskeiðsstunda. Athygli vert er að þátttaka í tungumálanámskeiðum er að örvast aftur eftir hrun og kennd voru námskeið í ensku, norsku og spænsku. *Grunnmenntaskólinn* og *Nám og þjálfun* voru kennd áfram og í fyrsta skipti námskeiðið *Sterkari starfsmaður*. Vart verður aftur aukins áhuga á *íslenskunámskeiðum* fyrir útlendinga. Á haustönn 2010 stefnir í á nítjándra þúsund nemendastundir samanborði við 14.900 á haustönn 2009. Á móti kemur að haust 2009 voru nemendur 468 eða nokkru fleiri en nú í haust þegar stefnir í um 450 nemendur.

2. FA – námskeið og nemendur okkar

Framlög til námskeiða, námskrárbundinna, eins og t.d. grunnmenntaskólans, munu lækka um 7% eins og horfir núna. Breytingar verða einnig hvað varðar umsóknir um námskeið. Í framtíðinni mun verða gerð krafa um að sótt verði um fyrir námskeið allt árið fram í tímann, en ekki fyrir hverja önn fyrir sig, eins og verið hefur.

Lagt er fyrir nemendur töluvert ítarlegt mat á námskeiðum, bæði varðandi námskeiðið sem slíkt og kennarana. Útkoman er yfirleitt mjög góð í þessu mati.

Námskrárbundnu námskeiðin eru ekki styttri en 60 stundir og má meta þau til eininga við framhaldsskólana. Það er á valdi framhaldsskólanna hvað og hve mikið er metið af þessum námskeiðum.

Nemendum okkar hefur gengið vel eftir „Grunnmenntaskólann“ og „Nám og þjálfun“, eru ýmist í meira námi eða hafa fengið vinnu.

Varðandi raunfærnimatið má segja frá því að einingarnar sem nemendur hafa fengið metnar eru frá 4 upp í 54. Meðaltalið er 34 einingar. Matið hér á Suðurlandi var í húsasmíði, hófst í september og því lauk í lok nóvember sl.

3. Húsnæðismál

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt að kanna möguleika á því að húsnæði Sandvíkurskóla verði gert að þekkingar- og fræðasetri, þegar grunnskólakennslu verður hætt í því húsnæði. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita eftir upplýsingum um málið í samvinnu við aðrar stofnanir.

4. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands: umsóknir og hátíðarfundur.

Gunnar Bragi gerði grein fyrir málinu. Alls barst 41 umsókn, sem er meira en nokkru sinni frá upphafi. Stjórn Vísinda- og rannsóknarsjóðs ákvað að skipta styrknum milli tveggja umsækjenda. Báðir umsækjendur eru í doktorsnámi.

5. Fundur með starfsfólki stéttarfélaganna

Haldinn var nýlega fundur með starfsfólki stéttarfélaganna á Suðurlandi. Þetta var upplýsingafundur til að kynna starfsemi Fræðslunetsins og var gagnlegur á báða bóga.

6. Búnaður FnS

Fræðslunetið hefur keypt þó nokkuð af búnaði undanfarið, m.a. nýja stóla, fartölvur fyrir tölvunámskeið og skjá til fjarkennslu. Framkvæmdastjóri hefur pantað þrjár fartölvur til viðbótar, svo hægt sé að sinna þessari kennslu í stærstu hópunum. Þá hafa verið pantaðar tölur til að endurnýja tækjakost starfsfólks sem er kominn til ára sinna.

7. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 18.05